

2. Bannað er að koma inn á svæði þau, sem herinn hefur bækistöðvar á að Saurbæ, Hálssnesi, Hvammsvík, Hvítanesi, Þyrilsnesi og Hrafneyri. Þar sem svæði þessi skera þjóðveginn verða reistir staurar málaðir með breiðum rauðum og hvítum röndum. 122  
30. júlí

Á þjóðveginum innan þessarra svæða mega engin farartæki nema staðar, en umferð um veginn er heimil.

3. Íslenzkar flugvélar mega ekki fljúga nær Hvalfirði en annars vegar frá Reykjavík lágt yfir Akranes, lágt norður eftir Borgarfirði norðan Hvítárvala unz komið er austur fyrir 21. gr. 7 m v.l. og hins vegar frá Reykjavík sunnan Þingvallavegar að Þingvöllum og svo austan Þingvala unz komið er norður fyrir 64. gr. 36 m n.br.

Er hér með alvarlega brýnt fyrir þeim, er þessar leiðir fara, að brjóta ekki gegn banni þessu.

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 42. tbl. Lögbirtingablaðsins 1941, um bann brezka setuliðsins gegn því að varpa akkerum nálægt sæsíma suður af Engey.** 123  
5. ágúst

Brezka herstjórnin hefur tilkynnt, að talsímaþráður liggi um 160—170 metra fyrir austan hólmann suður af Engey, til staðar, sem er um 230 metra í 258° stefnu frá Laugarnesspítala.

Bannað er að varpa akkerum í námunda við þetta svæði.

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 48. tbl. Lögbirtingablaðsins 1941, um endurnýjun ferðaskírteina skipa hjá brezku flotastjórninni.** 124  
5. sept.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslenzku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð, eins fljótt og hægt er, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi fást hjá brezku flotastjórninni í Reykjavík, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.

**Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 50. tbl. Lögbirtingablaðsins 1941, um afgreiðslu ferðaskírteina skipa.** 125  
23. sept.

Samkvæmt ósk brezku hernaðaryfirvaldanna tilkynnist hér með, að ferðaskírteini skipa 10—750 smálestit, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz og 5. sept. 1941, verða afgreidd sem hér segir:

Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum.

Á Akureyri frá brezka vice-konsúlnum.

Á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni.

Í Vestmannaeyjum hjá brezku hernaðaryfirvöldunum.